



MOSFELLSBÆR
VIRBING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað vegna yfirlýsingar til HMS um umsókn Þroskahjálpar um stofnlán

Dags: 26. mars 2021

Málsnúmer: 202002120

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Sigurbjörg Fjölisdóttir, Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Þroskahjálpar sótti um stofnframlög til Mosfellsbæjar vegna byggingar kjarna fyrir fatlað fólk þann 5. mars 2021 en samtökin áætla að byggja kjarna með fimm íbúðum fyrir fatlað fólk og hljóðar umsókn samtakanna upp á 23,5m.kr. sem yrði 12% hlutur sveitarfélagsins í byggingu kjarnans.

Í fjárhagsáætlun ársins 2021 hefur verið gert ráð fyrir stofnframlögum til Þroskahjálpar vegna byggingar á fimm íbúðum, upp á samtals 21 m.kr. Þegar hefur verið rætt við Þroskahjálpar um mögulega lóð sem yrði í Helgafellshverfi, 5. áfanga, en sú lóð er ekki komin á deiliskipulag. Því má gera ráð fyrir að stofnframlagið komi ekki til greiðslu á árinu 2021.

HMS hefur óskað þess að fá staðfestingu frá bæjarráði um að gert sé ráð fyrir þessum stofnlánnum í fjárhagsáætlun bæjarins og sannarlega verði þau veitt vegna þessarar áætluðu byggingar. Fyrir bæjarráði liggur fyrir að þess er óskað að veita slíka staðfestingu sem þarf að berast til HMS fyrir 15. apríl.

Lagt er til að bæjarráð bóki eftirfarandi sem undirrituð mun senda til HMS sem staðfestingu:

Bæjarráð Mosfellsbæjar staðfestir að í fjárhagsáætlun ársins 2021 hefur verið áætlað fyrir fimm stofnframlögum til Landssamtakanna Þroskahjálpar vegna byggingu nýs kjarna fyrir fatlað fólk.

Virðingarfyllt,

Sigurbjörg Fjölisdóttir
Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs